


Þín rödd í ráðum borgarinnar
Hugmynd frá samráðsvef Betri Reykjavík
16. september 2019

Heiti erindis: [Þingholt: Einstefnuakstursgötur og skástæði](#)
Málaflokkur: Samgöngur
Viðtakandi erindis: Skipulags- og samgönguráð
Efst í málaflokknum: Já
Meðal fimm efstu : Já, 1/5

Athugasemdir:

Fjöldi með hugmynd: 32	Fjöldi á móti hugmynd: 0
------------------------	--------------------------

Lýsing: Götur í Þingholtunum eru flestar þröngar og þörf fyrir aukin bílastæði. Það myndi bæta mikið ástandið ef flestallar göturnar yrðu gerðar að einstefnuakstursgötum og bílastæðin yrðu skástæði. Baldursgata er gott dæmi um götu þar sem reglan er að leggja bílum á ská (sjá mynd). Baldursgata er þó ennþá tvístefnuakstursgata sem er hreint óþarfi. Samhliða götur hafðar til skiptis í sitt hvora áttina. Þannig gæti Baldursgata verið með einstefnu upp, en næsta gata, Bragagata niður.

Rök með hugmynd:	Rök gegn hugmynd:
Í kynningu á hugmyndinni eru rökin rakin í stuttu máli. En við þetta má þó bæta að með skástæðum yrðu bílastæði mun fleiri (ekki veitir af!) og göturnar öruggari fyrir akandi sem gangandi vegfarendur.	
Þessi tilhögun hefur gefist vel í borgum eins og Amsterdam, þar sem allar götur í gamla Jordan-hverfinu eru einstefnuakstursgötur og bílastæði því fleiri og gatan öruggari fyrir gangandi sem akandi. Einnig í sumum hverfum miðborgar Lundúna... svo eitthvað sé nefnt	
Greyðari umferð og engin þörf á því að reyna að komast framhjá umferð á móti	
Með skástæðum yrðu bílastæði mun fleiri ekki veitir af til dæmis á Njarðargötu. Öruggari fyrir akandi sem gangandi vegfarendur.	
	
Baldursgata er einstefnugata frá Þórsstöðu að Bergstaðastræti. Flestar götur ef ekki allar nema Þórsstöta sem er vistgata eru einstefnugötur á þessu svæði eða í Ásgarði eins og svæðið heitir	